

## 23.fundur

### Fundur í atvinnu- og ferðamálanefnd Langanesbyggðar mánudaginn 29. mars 2010. Fundur hófst kl. 12:00

Mætt voru: Nanna Höskuldsdóttir, Eyþór Atli Jónsson, Rúnar Konráðsson og  
Indriði Þóroddsson

#### Dagskrá:

1. Heimasíður
2. Ferðamálafulltrúi
3. Sauðaneshús
4. Iceland Today
5. Norðuhjari
6. Kort af Þórshöfn og af Bakkafirði
7. Auglýsingaskjár
8. Upplýsingamiðstöð
9. Kátir dagar
10. Önnur mál

#### 1. Heimasíður.

Ræddar voru heimasíður sveitafélagsins langanesbyggd.is, nordurland.is og nordausturland.is.

Rætt var það sem er ábótavant á þessum síðum hvað varðar ferðamennsku.

Ræddur var kostnaður sveitarfélagsins við það að vera í Markaðs- og ferðamálastofu Norðurlands og var nefndin sammála um að þar væru ekki nógu góðar upplýsingar um svæðið okkar, sérstaklega í ljósi þess að sveitarfélagið er að greiða umtalsverða fjárhæð til Markaðsstofu. Það þarf að fara vel yfir þessar síður og uppfæra allar upplýsingar um sveitarfélagið sem allra fyrst. Nefndin óskar eftir því að sveitarstjóri feli einhverjum að taka það að sér sem allra fyrst.

#### 2. Ferðamálafulltrúi.

Ræddir voru kostir þess að hafa ferðamálafulltrúa í Langanesbyggð. Fram kom að Sif hjá Atvinnuþróunarfélaginu sem sinnt hefur mörgum verkefnum fyrir Langanesbyggð er að hætta störfum í sumar. Hún hefur verið í 50% starfi hjá Atvinnuþróunarfélaginu um nokkurt skeið. Og því í ca 25 % starfi fyrir okkur.

Nefndin telur að það myndi skipta miklu máli að fá ferðamálafulltrúa til starfa í Langanesbyggð allavega til næstu 2 ára, sem væri hér búsettur og gæti þannig sinnt öllu því sem þarf. Það eru ekki mörg fyrirtæki í beinum ferðaþjónusturekstri á svæðinu en nánast öll fyrirtæki í sveitarfélaginu njóta góðs af því að fá ferðamenn inná svæðið. Og þar á meðal er sveitarfélagið sjálft í ferðaþjónustu (tjaldstæðin og Íþróttahús).

Það er því að mati nefndarinnar nauðsynlegt að sinna og hlúa að ferðaþjónustu mun betur en hefur verið gert. Ferðaþjónusta yfir sumartímenn hefur verið að aukast með auknum fjölda ferðamanna, fyrir þau fyrirtæki sem eru í beinni ferðaþjónustu er lang stærsti hluti innkomunar yfir sumartímenn og hjálpar það til við að viðhalda þeirri þjónustu sem er í boði fyrir heimamenn, sér í lagi yfir vetrartímenn.

# Langanesbyggð

Nú er tíminn til að fara yfir skráningar í helstu ferðabæklingum og á helstu heimasíðum. Þar er mikið verk óunnið. Með breyttum samgöngum og beinu flugi til Akureyrar frá Evrópu opnast nýr heimur í ferðamennsku í Langanesbyggð og við verðum að vera undirbúin undir það.

## 3. Sauðaneshús.

Lögð áhersla á að þær athugasemdir sem nefndin lagði til á fundi sínum 2009 verði skoðaðar sem allra fyrst og framkvæmdar, það er:

- Laga girðingu í kringum húsið.
- Gera bílastæði niður við götu og göngustíg upp að húsinu.
- Setja nýtt hlið á girðingu.
- Koma upp tölvu með nettengingu í húsið.

## 4. Iceland to day.

Skoðuð var bók sem sveitarfélagið keypti umfjöllun í, bókin er með miklum texta og myndum frá svæðinu. Bókin er með megin áherslu á Langanesbyggð og Vopnafjörð. Bókin er enn í prentun en verður komin fyrir sumarið. Bókin er á ensku. Nefndin óskar eftir því þar sem bókin er stór og vegleg að hún verði seld gegn gjaldi.

## 5. Norðurhjari.

Greint var frá því að á haustdögum var stofnað félagið Norðurhjari, þar sitja 5 aðilar Svava Árnadóttir (Raufarhöfn) Bjarnveig Skaftfeld (Þistilfjörður) Stefanía Gísladóttir (Kópaskeri) Nanna Höskuldsdóttir (Þórshöfn) og Sif Jóhannesdóttir (Atvinnuþróunarfélagi). Markmið félagsins er að efla ferðaþjónustu á svæðinu frá Jökulsá í Öxarfirði að Bakkafirði, leggja sitt af mörkum til að skapa og byggja upp ímynd svæðisins, m.t.t. sérstæðrar náttúru og sveita- og strandmenningar.

## 6. Kort af Þórshöfn og af Bakkafirði.

Á síðasta fundi nefndarinnar var talað um að fá tilboð í teikningu og myndskreytingu af korti af Þórshöfn og af Bakkafirði. Hvar helstu staðirnir eru og hvað er hægt að gera í Langanesbyggð. Tilboðið er ekki komið enn, nefndin ákveður að hittast þegar tilboðið kemur.

## 7. Auglýsingarskjár.

Nefndinni hefur borist erindi frá aðilum í ferðaþjónustu á Þórshöfn. Viðkomandi aðilar vinna að því að kaupa stóran skjá sem staðsettur á að vera í stórum glugga við aðalgötuna á Þórshöfn. Fjármögnun við skjáinn verður eingöngu með auglýsingum. Þetta er hugsað þannig að ferðamenn geti leitað sér upplýsinga um svæðið á þessum skjá á öllum tímum sólarhringsins.

Verðskráin og bréf frá aðilunum er meðfylgjandi:

Nefndin leggur til að Langanesbyggð kaupi auglýsingu fyrir Sauðaneshús – Sportver –Tjaldstæðin á Þórshöfn og á Bakkafirði. Auk þess getur sveitarfélagið látið birta myndir á skjánum. Kostnaður við auglýsingarnar er 60.000 kr sem er stofnkostnaður og hönnunarkostnaður.

## 8. Upplýsingarmiðstöð

Nefndinn ræddi upplýsingarmiðstöð Langanesbyggðar, ferðaþjónustuaðilar hvattir til að koma upplýsingum þangað fyrir sumarið.

## 9. Kátir dagar

# Langanesbyggð

---

Nanna greindi frá því að undirbúningur fyrir Káta daga er hafinn og hófst hann strax í byrjun janúar. Nefndina skipa Halldóra, Nanna, Hrafngerður, Margrét Jensína, Katrín Björns og Þorsteinn Ægir. Nefnin leita nú að aðilum sem geta tekið að sér að fóstora ákveðin verkefni á vegum hátíðarinnar og óskar eftir áhugasömu fólki sem vil leggja hátíðini lið. Allir áhugasamir geta sett sig í samband við Halldóru [halldora@langanesbyggd.is](mailto:halldora@langanesbyggd.is)

## 10. Önnur mál.

Fjölskyldurgarðurinn: Það eru komnar teikningar af garðinum, nú óskar nefndin eftir því að eitthvað fari að gerast í þeim málum, sækja þarf um fleiri styrki til verkefnis og gaman væri að fara sjá eitthvað gerast.

Í sveitarfélaginu vantar eitthvað til að gera fyrir ferðamenn og það er áhyggjuefni, gaman væri að fá leiktæki upp við tjaldstæði og grill og á opnum svæðum í þorpinu væri sniðugt að setja bekki niður og leiktæki fyrir börn. Mótorkrossbraut hefur reglulega verið rædd á fundum nefndarinnar en nú er nefndin að óska eftir svári um það hvar nefndin fái lóð á skipulagi og hvort sveitarfélagið hefur í hyggju að láta brautina verða að veruleika.

Rætt var um hugmyndir af golfvelli, hægt er að fá einhverja styrki til að gera völl. Nefndin óskar eftir því að sveitarstjóri komi sér í samband við Golfsamband Íslands og fá upplýsingar um það sem þarf til, hver kostnaðurinn, hvort hægt sé að fá styrki og svo framvegis.

Fleira ekki gert og fundi slitið kl: 13:30